

tíska

Tískuþrautir stjórn

Flestar stjórnmalakonur deymir sennilega um að komast á þingpalla - færri á tísku-sýningarpalla. Nokkrar gengust þó undir síðarnefndu prófraunina um liðna helgi - fyrir íslenskan iðnað - og glönsuðu í gegnum hana!

Eftir Unni H. Jóhannsdóttur
uhj@mbi.is

Síðustu helgi léðu nokkrar stjórnmalakonur tískuteyrum Samtaka iðnaðarins liðstyrk sinn á tísku-sýningu Konunnar í Laugardalshöllinni. Fékk hver og ein þeirra heildræna meðferð tískuteymis, frá toppi til tótar.

Tíminn er dýrmætur og hleypur hratt í dagsins önn frá konum í stjórnmalum en allar voru þær sammála um að honum væri vel varið til þess að vekja athygli á störfum í íslenskum iðnaði og þess vegna hefðu þær gefið sig að þessu verkefni. „Ég tók þátt í þessu vegna þess að íslenskt fagfólk er að kynna fagmennsku sína og ég vil styðja þær í því,“ og „mér finnst sjálfsagt að leggja íslenskum iðnaði og iðnstéttum lið,“ voru algeng svör. „Við eigum öflugt fagfólk,“ og „þetta eru stórkostlegar konur,“ var viðkvæðið þegar spurt var út í fagmennskuna.

Þegar stjórnmalakonurnar höfðu verið klæddar, þeim greitt og þær verið farðaðar var haldin skemmtilega heimilisleg tískusýning í Höllinni. Konurnar svífu í gegnum þá prófraun eins og þær hefðu ekki gert annað og slógu allar í gegn, hver með sinn stíl og sitt einstaka göngulag. Sannkallaðar drottningar þessar stjórnmalakonur, sama á hvaða pöllum þær kjósa að standa ...

- ▶ Skartgripir eru frá Gullkúnst Helgu
- ▶ Fylgihlutir eru frá Leðuriðjunni Atson
- ▶ Barna- og fjölskylduljósmyndir tóku myndirnar



Kristrún Heimisdóttir

„Litasamsetningin á kjólnum var djörf og óvenjuleg og mér fannst mjög gaman að klæðast honum. Hann var eins og listaverk og myndi sóma sér vel í kóngaveislu,“ segir Kristrún Heimisdóttir sem heillaðist einnig af stórum silfurskartgripunum. „Ég hef alltaf verið hrifin af stórum skartgripum og það er svo skemmtileg tilviljun að Helga í Gullkúnst Helgu, sem hannaði skartgripina, hannaði einnig giftingarhringinn minn.“

- ▶ Klæðskeri: Klæðskerahöllin/Berglind Magnúsdóttir
- ▶ Hársnyrting: Hársnyrtistofan Pílus
- ▶ Snyrting og förðun: Snyrtistofan Jóna



Margrét Sverrisdóttir

„Mér líkaði mjög vel við klæðnaðinn og sköpunargáfa hönnuðarinnar, Selmu Ragnarsdóttur, fékk að njóta sín. Ég fékk reyndar að vera með í ráðum með buxurnar og litinn á vestinu,“ segir Margrét Sverrisdóttir. „Þetta var skemmtileg reynsla og ég tók þátt í verkefninu af tveimur ástæðum, annars vegar til þess að sýna íslenskt handverk og hins vegar vegna þess að mér finnst almennt skorta á að fyrirsætur á sýningarpöllum séu bara venjulegar konur. Og það erum við konur í stjórnmalum. Það er mín reynsla að þetta sé tímafrent starf og stundirnar til að sinna útlitinu meira en þörf krefur er ekki margar.“

- ▶ Klæðskeri: Listauki/Selma Ragnarsdóttir.
- ▶ Hársnyrting: Hársaga.
- ▶ Snyrting og förðun: SPA fegurð.



Sigríður Anna Þórðardóttir

„Það er langt síðan ég veitti bæði Guðrúnu í GuSt og Helgu athygli og ég á bæði flikur og skartgripum sem þær hafa hannað,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir sem var í fallegum tvískiptum silkikjól með léttu krínólínupils og hárgreiðslu undir áhrifum 19. aldar. „Það var því skemmtileg tilviljun að ég lenti í þeirra teymi. Fatnaðurinn er afar fallegur og stórir skartgripirnir ekki ólíkir þeim sem ég er vön að bera. Mér þykja íslenskir gullsmiðir alveg stórkostlegir og er stolt af því að ganga með þeirra skartgripum.“

- ▶ Klæðskeri: GuSt/Guðrún Kr. Sveinbjörnsdóttir.
- ▶ Hársnyrting: Xit hárstofa.
- ▶ Snyrting og förðun: SPA fegurð.



Jónína Bjartmarz

„Ég kunní vel við hönnunina sem var klassísk og mjög stílhrein en ljósgræni liturinn kom skemmtilega á óvart,“ segir Jónína Bjartmarz um dragtina sem hún klæddist. „Dragtir og annar tvískiptur klæðnaður er í upphaldi hjá mér. Kjólar verða af einhverjum ástæðum sjaldnar fyrir valinu,“ segir umhverfisráðherrann sem er jafnhrifin af silfri og gulli. „Ég hrífst af stórum skartgripum og silfurskart Helgu var óskaplega fallegt en jafnframt sigilt.“

- ▶ Klæðskeri: MG saumur – MG fót/María Gunnarsdóttir.
- ▶ Hársnyrting: Hársnyrtistofan Ýr.
- ▶ Snyrting og förðun: Snyrtistofan Jóna.



Ásta Möller

„Það var happafengur að komast í hendur tískuteymisins. Tvískipti silkikjöllinn var auðvít- að eins og sniðinn á mig og lit- urinn afskaplega fallegur,“ segir Ásta Möller. „Hálsmenið, sem var úr silfri með lapis lasuli- steini, smellpassaði við en í eyrnalokkunum var blár kórall.“

- ▶ Klæðskeri: Klæðskerahöllin/Berglind Magnúsdóttir
- ▶ Hársnyrting: Hár- og snyrtihúsið Ónix
- ▶ Snyrting og förðun: Snyrtistofan Jóna

málakvenna

Bryndís Haraldsdóttir

„Ég fann mig vel í fötunum og fannst þetta skemmtilegt ævintýri. Ég var sennilega heldur erfðara verkefni fyrir hönnuðinn, sem eiginlega hannaði á tvo, þar sem ég á von á barni eftir fjóra mánuði. En ég var mjög ánægð með afraksturinn sem er millifinn samkvæmisklæðnaður. Hárgreiðslan féll líka vel að mínum persónulega stíl,“ segir Bryndís Haraldsdóttir sem langar samt frekar að leggja fyrir sig þingmennskuna en tiskusýningarstörf. „Þetta var skemmtilegt og án efa ágætisundirbúningur fyrir þingvallana.“

- Klæðskeri: Sólrún Ásta Steinsdóttir
- Hársnyrting: Hársnyrtistofan Sparta
- Snýrting og förðun: Snýrtistofan Jóna



Siv Friðleifsdóttir

„Ég fékk að velja litinn á kjólnum, appelsínugulur er orkuliturinn. Þær Jenný og Lilja á TEAM fengu mig hins vegar til þess klippa á mig topp! Ég hef ekki verið með topp síðan ég var smástelpa en mér finnst þetta æðislegt. Þær settu líka appelsínurauðan lit í hárið sem kallast skemmtilega á við kjólinn. Við köllum þetta þema „Rokk og rómantik,“ segir Siv Friðleifsdóttir.

Dregur klæðnaðurinn þessa eiginleika fram í þínum persónuleika? „Það verða aðrir að dæma um það,“ segir Siv og hlær. „En mér finnst þetta frábært fagfólk.“

- Klæðskeri: Kjóll og klæði/Berglind Ómarsdóttir.
- Hársnyrting: TEAM hárstúdíó.
- Snýrting og förðun: SPA fegurð.



Dagný Jónsdóttir

„Ég er nú svolítið þjófleg,“ segir Dagný Jónsdóttir og vísar þar í ullina og laxaróðið í klæðnaði sínum. „Ég er mjög ánægð með fatnaðinn enda hef ég oft keypt flikur af hönnuðinum Guðrúnu Kr. Sveinbjörnsdóttur. Þær falla vel að mínum persónulega stíl og eru auk þess fjölnota. Það er bæði hægt að nota flikurnar hversdags og við hátíðlegri tilefni og eins er hægt að raða þeim skemmtilega saman,“ segir Dagný sem ekki var síður hrifin af hálsfestinni.

- Klæðskeri: GuSt/Guðrún Kr. Sveinbjörnsdóttir.
- Hársnyrting: Xit hárstofa.
- Snýrting og förðun: SPA fegurð.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Ingibjörg Sólrún var í falletum kóngabláum kjól. Valdirðu litinn sjálf? „Nei, nei, það gerði hönnuðurinn. Hún valdi litinn, efnid og sniðið. Hún réð þessu öllu saman.“

Ásta Möller segir að liturinn sé sjálfstæðisblár, hvað segir þú um það? „Ég hafna því algjörlega,“ segir Ingibjörg Sólrún og brosir. „Ég hef aldrei litið svo á að flokkar geti eignað sér liti, ég á lit himinsins, hafsins og alla liti þar á milli líka og mér finnst þeir allir fallegir. Þetta er glæsilegur galakjól og ég kann vel við mig í honum. Hann gæti orðið góður fyrir embætti forsætisráðherra.“

- Klæðskeri: MG saumur-MG fót/María Gunnarsdóttir
- Hársnyrting: Hársnyrtistofan Höfuðlausnir
- Snýrting og förðun: Snýrtistofan Jóna



THE INNOVATORS OF COMFORT™



Sjálfvirk hnakkapúða-stilling, aðeins í Stressless – Þú getur lesið eða horft á sjónvarp í hallandi stöðu. Ötrúleg þægindi.



Sérstakur mjóbaksstuðningur samtengdur hnakkapúða-stillingu. Þú nýtur fullkomins stuðnings hvort sem þú situr í hallandi eða uppréttu stöðu.




Svefnstillingin er gerð virk með einni einfaldri hreyfingu.



Sami stóllinn - Mismunandi stærðir - Þú velur þína stærð

með tölvuborði
– auðveldar heimavinnuna



10 YEAR
GUARANTEE
ON INTERNAL MECHANISM

lif&list
HÚSGÖGN

Armúla 44 - 108 Rvík.
S. 553 2035
www.lifoglist.is